

12. gr.

Endurgreiðsla umtalsverðs kostnaðar við læknishjálpar og lyf.

Nú verða útgjöld sjúkratryggðs vegna læknishjálpar og lyfja umtalsverð og er Tryggingastofnun ríkisins þá heimilt að endurgreiða hlutaðeigandi þennan kostnað að hluta eða að fullu að teknu tilliti til tekna og í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur.

Sjúkratryggingadeild annast endurgreiðslur samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Ákvæði laga um almannatryggingar gilda um bætur félagslegrar aðstoðar eftir því sem við á, m.a. um kærurétt til tryggingaráðs og um hækkun bóta.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur með reglugerð sett frekari ákvæði um greiðslu félagslegrar aðstoðar samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Árni Stefánsson.

LÖG**um ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins til að veða á móti skerðingu þorskveiðheimilda.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aflaheimildum Hagræðingarsjóðs vegna fiskveiðiársins 1. september 1993 til 31. ágúst 1994 skv. 5. gr. laga nr. 65/1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, sem óráðstafað er við gildistöku laga þessara, skal úthlutað án endurgjalds til þeirra fiskiskipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks á yfirstandandi fiskveiðiári.

Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildum til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir meira en 9,8% skerðingu aflamarks í þorskígildum talið á milli fiskveiðiárána, sbr. 2. gr., þannig að skerðing umfram framangreind mörk verði að fullu bætt. Skal aflaheimildum skipt milli tegunda í hlutfalli við samsetningu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs og úthlutað þannig til einstakra skipa.

2. gr.

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir

fiskveiðiárið er hófst 1. september 1992 og hins vegar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár miðað við aflahlutdeild viðkomandi skips í hverri tegund 7. desember 1993. Skal miðað við úthlut- að heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á heildaraflamarki innan hvors fiskveiðiárs. Við þessa útreikninga skal þó ekki taka tillit til úthlutunar á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs, sbr. lög nr. 112/1993. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla skv. 5. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 274/1993. Sú hlutfallslega breyting, sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiára miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1993 o.fl., nr. 3/1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „15.970“ í 1. gr. laganna kemur: 20.250.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað „1.300“ kemur: 1.420.

b. Við bætist nýr tölu-liður svohljóðandi: Spölur hf., allt að 50 m.kr.

3. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.